

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 146/2016

2018/EES/16/13

frá 8. júlí 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/585 frá 12. febrúar 2016 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý, kadmíum, sexgilt króm og fjölbrómaða dífenýletra í varahlutum sem eru endurnýttir úr lækningatækjum eða rafeindasmásjám og notaðir til viðgerða eða endurbóta á þeim, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32016 L 0585**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/585 frá 12. febrúar 2016 (Stjúd. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2016/585, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB L 101, 16.4.2016, bls. 12.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.